

Lífsmörg og stigun (NEWS) í Sögu 2017.1

Útreikningur á stigun sjúklinga út frá lífsmörkum og öðrum skilgreindum atriðum er upprunnið frá Royal College of Physicians og er notað hjá öllum NHS sjúkrahúsum í Bretlandi. NEWS stendur fyrir National Early Warning Score.

Stigun sjúklinga byggir á að stiga sjúklinga út frá lífsmörkum og öðrum skilgreindum atriðum með það að markmiði að greina sjúklinga áður en þeir verða bráðveikir.

Í tengslum við þetta mælitæki er mælt með að hver stofnun skilgreini stigvaxandi eftirlit og viðbrögð við hækkandi skori og hefur það verið gert á Landspítala. Nánari upplýsingar veitir gæðadeild LSH. Stofnanir eru beðnar um að hafa samband við gæðadeild Landspítala ef þær vilja taka upp þetta verklag til að tryggja að það sé rétt.

Ef notandi setur inn mæligildi fyrir allar mælingar í „Lífsmörk og stigun (NEWS)“ (hiti, púls, efri mörk blóðþrýstings, öndun, súrefnismettun, súrefnisgjöf (má vera tóm) og AVPU stigun) þá reiknar kerfið Stigun og áhættu. Neðst í glugganum sést hversu mikil „Stigun og áhætta“ er. Kerfið reiknar ekki stigun og áhættu fyrir einstaklinga yngri en 18 ára. Ef lífsmarkafærslu, sem skráð var þegar sjúklingur var yngri en 18 ára, er breytt eftir að hann verður 18 ára er stigunin reiknuð út fyrir breyttu færsluna.

AVPU skráningin var áður skráð í „Mat á meðvitund og taugakerfi“ mælingunni og hefur nú verið færð í „Lífsmörk og stigun (NEWS)“. Allar eldri AVPU mælingar hafa verið afritaðar úr „Mat á meðvitund og taugakerfi“ yfir í „Lífsmörk og stigun (NEWS)“. Eldri AVPU gildi sjást enn undir „Mat á meðvitund og taugakerfi“ í textasýn.

Kerfið reiknar út stigun út frá eftirfarandi töflu:

STIGUN SJÚKLINGA (National Early Warning Score)							
Stig	3	2	1	0	1	2	3
Hiti (°C)	≤ 35		35 ¹ -36 ⁰	36 ¹ -38 ⁰	38 ¹ -39 ⁰	≥ 39 ¹	
Púls (/mín)	< 40		41-50	51-90	91-110	111-130	> 131
Syst. BP (mmHg)	≤ 90	91-100	101-110	111-219			≥ 220
Öndun (/mín)	≤ 8		9-11	12-20		21-24	> 25
Súrefnismettun (%)	< 91	92-93	94-95	> 96			
Viðbótarsúrefni?		Já		Ekkert			
Meðvitund (AVPU)				A			VPU



Niðurstaðan getur verið eftirfarandi:

Stig	Áhætta
0-1	Lítill
2-3	
RAUTT (Einn þáttur fær 3 stig)	Miðlungs
4-6	
> 7	Mikil

Ef skilyrði fyrir útreikningi eru ekki uppfyllt birtist textinn: „Niðurstaða ófullnægjandi“ í staðinn fyrir áhættu stigunar.

Útreikningur er aðeins öðruvísi fyrir Súrefnisgjöf – viðbótarsúrefni.

- Ef **ekki** er fyllt út í reiti fyrir Súrefnisgjöf% þá eru það 0 stig
- Ef það er fyllt út í reit Súrefnisgjöf l/min með 0 = 0 stig
- Ef það er fyllt út í reit Súrefnisgjöf % með 21 = 0 stig.
- Ef það er fyllt út í reit fyrir Súrefnisgjöf % með yfir 21 = 2 stig
- Ef það er fyllt út í reit fyrir Súrefnisgjöf l/min yfir 0 = 2 stig

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir